

# Samvinna

## Nóvember-desember-janúar

### Íhugunaratriði :

- Samvinna er þegar allir hjálpast að.
- Samvinna er að vinna saman að sameiginlegu markmiði.
- Samvinna er að hlusta á og virða skoðanir hvors annars.

### Markmið:

- Að upplifa kraftinn sem felst í samvinnu.
- Að byggja upp félagslega hæfni til samvinnu.
- Að líða vel saman í leikskólanum.
- Að efla samvinnu barna, foreldra og starfsfólks.
- Að auka samvinnu við stofnanir í nærumhverfinu.

### Við leggjum áherslu á samvinnu með því að:

- Vera hjálpsöm.
- Ganga vel um náttúruna og nánasta umhverfi.
- Vera kurteis og tillitsöm við hvort annað.
- Vera góðir vinir.
- Deila leikefni með öðrum.
- Hrósa hverju öðru fyrir vel unnin störf.
- Styrkja framfærslu Isabellu í Tanzaníu í samvinnu við SOS barnaþorp.
- Setja okkur í spor annarra og vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla.
- Vera í samstarfi við Álfhólsskóla varðandi dag íslenskrar tungu , dag gegn einelti og jólahátíðina.

### Söngvar og þulur:

- Álfaheiði
- Við erum góð
- í leikskóla er gaman
- Það er skemmtilegast að leika sér
- Er þetta Stebbi?
- Börnin skiptast á með dótið
- Höfuð, herðar, hné og tær
- Við klöppum öll í einu

### Sögur og leikir:

- Lífsgildi-bækur Steinunnar
- Sagan af skessunni sem leiddist
- Benedikt Búálfur
- Hópleikir

*Deildir velja fleiri söngva, þulur, sögur og leiki eftir aldri og þroska barnanna*

**Deilum gildum okkar til að skapa betri heim**

### Umræður:

- Hvernig vinnum við saman?
- Hvernig getum við leyst vandamál í sameiningu?
- Hvernig samvinnu sýnið þið heima?
- En í leikskólanum?
- Hvernig líður okkur þegar við höfum hjálpað einhverjum?
- Hvernig líður okkur ef enginn vill leika við okkur?

### Að tengja lífsgildin daglegu starfi

- Við hjálpumst að við að taka saman eftir leik.
- Við hjálpumst að við að sinna daglegum störfum svo sem að leggja á borð, taka til og hugsa um lóðina okkar.
- Við leikum okkur saman.
- Við hjálpumst að í fataherberginu.
- Við lesum saman, lestrarátak í samvinnu við heimilin.
- Við undirbúum jólin og eigum notalegar stundir saman.
- Börnin teikna mynd af pabba sínum og lýsa honum í tilefni bóndadagsins.